



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Eiríkur Bjarnason
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 13. desember 2005


Tilvísun: UST20051200052/sf


Kauptún við Urriðaholt, aðkoma að svæði

Vísað er til erindis Garðabæjar sem barst með tölvupósti þann 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna framhalds á stígagerð við Kauptún í Urriðaholti. Fram kemur í erindinu að stígurinn sé í samræmi við aðal- og deiliskipulag en hafi verið lagaður lítillega í landinu til að hann fari sem best og valdi sem minnstum spjöllum. Um er að ræða akfæran slóða/stofnstíg sem notaður er sem aðkomuvegur að vinnusvæði vegna gatnagerðar og er gert ráð fyrir að vegfyllingin verði 6 m breið.

Umhverfisstofnun gerði með umsögn sinni um skipulagstillögur vegna Urriðaholts dags. 9. maí sl. athugasemdir við legu fjarstígs í hrauninu meðfram Reykjanesbraut og lagði til að stígurinn yrði lagður nær Reykjanesbraut þannig að hann lægi innan eða við svæði sem hefur nú þegar verið raskað eða mun raskast vegna vegagerðar. Jafnframt lagði stofnunin til að lagður yrði útivistarstígur um hraunið, en með því yrði dregið úr raski á hrauninu sbr. skilgreiningu á útivistarstíg í staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015. Stofnunin telur að með svo breiðu framkvæmdasvæði og gert er ráð fyrir skv. samþykktu deiliskipulagi verði ekki komist hjá umtalsverðu raski á hrauninu. Sú breyting á deiliskipulagi sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um nú varðar breytingu á legu fjarstígsins. Umhverfisstofnun telur að breytingin sem um ræðir sé minni háttar breyting á samþykktu deiliskipulagi og hafi ekki í för með sér umtalsvert meiri áhrif á hraunið en það deiliskipulag sem þegar hefur verið samþykkt.

Virðingarfyllst


Sigrún Friðriksdóttir
Lagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.